

óvandir menn·ná oft embættislegum metum, en það er sjaldnast vegna ókosta þeirra, heldur mannkosta, með dngnaði, framsýni og sjálfstjórn."— Svo bætti hann dálitlu við, sem vakið hefir mér meiri áhyggjur, því alt hitt er það, sem eg hefi marg-sinnis sagt með sjálfum mér. Eg sagði honum, vegna þess eg ætti ervitt með að gjöra upp huga minn, að eg áliti, að bezt væri að búa svo sem eitt eða tvö ár, og taka tíma til umhugsunar, áður en eg afréði nokkuð.

"Þú segist vilja verða að manni", svaraði hann, "en ekki embættismanni, og skal eg ekki ráða fyrir þér í því. En á þínum aldri og með þínum hæfilegleikum verður þú að læra, hvað lífið er, ef ekki af mér, þá af lífinu sjálfa. Ef þú heldur að þú getir vaxið til manndóms með því að liggja hér yfir bókum, á sama hátt og líkaminn eldist, eftir því sem árin líða, þá er það sú stærsta hugsýki, er nokkru sinni hefir freistað nokkurs manns til ógæfn. Draumar skapa ekki manndóm, heldur steðjinn og sleggjan. Gakk út í lífið. Þar liggur þín köllun, og hvergi annarstaðar. En þú vilt búa. Það er lískast barni, er hikar við árbakkann að fara í baðið. Þess lengur sem það stendur skjálfandi, þess hræddara er það við sundið. Að ári liðnu verða erviðleikarnir meiri en nú, því þú hefir sjálfur tapað mætti. Bíð svo enn annað ár, og að líkindum verðurðu þá genginn inn í hinn síðari barndóm."

Hvað á eg að gjöra, Árbór? Þetta er satt, hvert einasta orð. Eg finn það. Eg veit það, og það er sannarlega skammrarlegt, að fúna niður og verða að engu. En hvað skal gjöra? Sannlega væri það mannúðlegra, að byrja strax við vögguna að ala okkur upp á þeim vegum, er við ættum að ganga, svo að þegar við færum að skríða eða ganga með, þá byrjuðum við strax á stafrofi lögfræðinnar eða læknisiræðinnar, og snúa svo barnaskólanum í réttarsal eða yfirheyrlustofu, og lesa fyrir eða lækna rifnar brúður. Fjarska yrði alt auðvelt þá. Við voguðum aldrei út af þeirri braut, en snérumst alt af í sama hringinn. En það er voðalegt axarskaft að fóstra okkur upp eins og menn og sleppa svo af okkur hendinni og segja: veljið á milli þessara þriggja vega, er allir liggja ofan á móti. Því niður á við hljót-